

AUGLÝSING

um innheimtu skemmtanaskatts.

Ákveðið hefur verið að nota heimild í 1. gr. laga nr. 13 25. apríl 1964 til þess að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna, sem skattskyldar kunna að vera, undanþegnar álaginu.

Í menntamálaráðuneytinu, 8. júní 1964.

Gylfi Þ. Gíslason.

Knútur Hallsson.

AUGLÝSING

um umferðartakmarkanir í Ísafjarðarkaupstað.

Samkvæmt gerðum samþykktum bæjarstjórnar Ísafjarðar og ákvörðun lögreglustjóra, samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga, eru þessar umferðartakmarkanir í gildi:

Aðalbrautir:

1. Fjarðarstræti. Biðskylda er við allar götur, sem liggja að því, nema Sólögðu, en þar er stöðvunarskylda.
2. Aðalstræti. Frá bátahöfn að Silfurtorgi. Biðskylda er við Sundstræti, þar sem það liggur að því.
3. Hafnarstræti. Biðskylda er við allar götur, sem liggja að því, nema Austurveg, Pólgötu, Mjallargötu, Sólögðu, Túngötu og Urðarveg, en þar er stöðvunarskylda.
4. Seljalandsvegur. Stöðvunarskylda er við Engjaveg, Múlaveg og Tungudalsveg.

Einstefnuakstur er við þessar götur:

1. Aðalstræti frá Silfurtorgi að Austurvegi.
2. Silfurgötu frá Silfurtorgi að Sundstræti.
3. Þvergötu frá Brunngötu að Sundstræti.
4. Skipagötu frá Aðalstræti að Sundstræti.
5. Smiðjugötu frá Silfurgötu að Þvergötu.

Bifreiðastöður hafa verið bannaðar í þessum götum:

1. Hafnarstræti frá Silfurtorgi að Pólgötu, austan megin götunnar, og beggja vegna götunnar frá Silfurtorgi og upp fyrir Smjörlikisgerðina frá Austurvegi að Pólgötu.
2. Fjarðarstræti, beggja vegna götunnar, frá Hrannargötu að Mjallargötu.
3. Austurvegur, framan við húsin nr. 1 og 2.
4. Aðalstræti frá Silfurtorgi að Bræðraborg, sunnan megin götunnar.
5. Pólgötu, vestan megin götunnar.

Umferðarmerkjum hefur verið komið upp í samræmi við þessa auglýsingu.

Bæjarfógetinn á Ísafirði, 5. júní 1964.

Jóh. Gunnar Ólafsson.